



19. Ársþing KAÍ
11. febrúar 2006

19. Ársþing KAÍ, 11. febrúar 2005

EFNISYFIRLIT

FRÁ FORMANNI	2
MANNAUÐUR.....	2
LANDSLIÐ	2
Ísland 7 - Noregur 4	2
Stelpurnar okkar í sérflokki í Crystal Palace	3
Góður árangur á Svenska Kata Pokalen.	4
Góður árangur á Norðurlandamótinu 2005.....	4
Landsliðþjálfari.....	5
ALÞJÓÐLEG DÓMARARÉTTINDI.....	5
SÓLVEIG OG JÓN INGI BIKARMEISTARAR.....	6
KARATEFÓLK ÁRSINS 2005	6
FORMAÐUR KVEÐUR.....	7
NEFNDIR	8
Aganefnd:	8
Varamenn:	8
Dómaranefnd:	8
Landsliðsnefnd:.....	8
Mótanefnd:	8
MÓT ÁRIÐ 2005.....	9
Meistaramót barna í Kata 2005.....	9
Unglingameistaramót í Kata 2005	10
Íslandsmeistaramót í Kata 2005.....	11
Unglingameistaramót í Kumite 2005	12
Íslandsmeistarmót í Kumite 2005	14
Bikarkeppnin 2004-2005	15
LÖG KARATESAMBANDS ÍSLANDS.....	16
REKSTRAR- OG EFNAHAGSREIKNINGUR	19

Stjórn KAÍ

Ólafur Wallevik, formaður
Reinharð Reinharðsson, varaformaður
Ásdís Elvarsdóttir, gjaldkeri
Gunnlaugur Sigurðsson, ritari
Halldór Svavarsson, meðstjórnandi

Jón Ingi Þorvaldsson, varamaður
Guðmundur H. Pétursson, varamaður
Pétur Freyr Ragnarsson, varamaður

FRÁ FORMANNI

Starfsemin í Karatesambands Íslands hefur verið öflug á árinu sem leið. Það kemur einkum fram í unglिंगastarfi aðildarfélaganna, en þátttaka í unglिंगamótum sambandsins hefur verið veruleg. Unglingarnir eru framtíðin svo formaður vonast til að hin nýja stjórn leggi mikla áherslu á að koma upp unglिंगalandsliði á þessu ári.

MANNAUÐUR

Starfsemi sambandsins (og íþróttarinnar) byggist á mannaúði og fórnfýsi þeirra sem leggja fram krafta sína í þágu Karate. Hinu er ekki að leyna að öll sjálfboðavinna, ekki síst sú sem innt er af hendi við skipulagningu móta, dómgæslu, landslið og margt fleira, er oft og tíðum of lítils metin.



Indriði Jónsson, Ólafur H. Wallevik og Reinharð Reinharðsson.

Til að sýna þakklætisvott voru tveir stjórnarmenn félagsins, Reinharð Reinharðsson og Indriði Jónsson, sæmdir silfurmerki KAÍ fyrir störf í þágu karateíþróttarinnar, en þeir hafa verið í stjórn sambandsins, í mótanefnd og dómarnefnd undanfarin ár.

LANDSLIÐ

Ísland 7 - Noregur 4

Árið byrjaði vel með æsispennandi vináttulandsleik í Borgarleikhúsinu milli Íslands og Noregs. Keppnin var haldin laugardaginn 29. janúar og var umgjörðin öll hin glæsilegasta. Eftir hana var haldið í sameiginlegar æfingabúðir liðanna ásamt landsliðsþjálfara okkar, Allan Busk. Sjónvarpið gerði þátt um keppnina, sem líklega var besta umfjöllun þess um karate síðan Norðurlandamótið var haldið á Íslandi 1999.

Stúlkurnar stóðu sig stórkostlega og unnu þær norsku 5-1. Jafnara var hjá strákunum, en þar unnu Norðmenn með 3 ½ vinningi á móti 2 ½ vinningi Íslendinga.



Fyrir Íslands hönd kepptu þau Edda Blöndal, Sólveig Sigurðardóttir, Auður Olga Skúladóttir, Jón Ingi Þorvaldsson, Ingólfur Snorrason og Andri Sveinsson. Edda og Auður sigruðu í báðum sínum viðureignum og Sólveig, Andri og Ingólfur lönduðu einum sigri hvert. Niðurstaðan var sannfærandi sigur á geysisterku liði Norðmanna og sýnir að landsliði okkar er ekki fisjað saman.



Íslensku og norsku keppendurnir að keppni lokinni.

Stelpurnar okkar í sérflokki í Crystal Palace

Unglingalandslið okkar í karate tók þátt í opnu bresku unglíngamóti í Crystal Palace í janúar. Liðið var skipað þeim Sólveigu Sigurðardóttur og Ingibjörgu Helgu Arnþórsdóttur úr Þórshamri, Andra Sveinssyni úr Fylki, Gunnari Nelson úr KFR og Alvin Zogu og Diego Birni Valencia úr Víkingi. Þau náðu góðum árangri á mótinu en heildarfjöldi keppenda á mótinu var hátt á annað þúsund.

Stelpurnar tóku þátt í liðakeppni 16-20 ára og fengu þar til liðs við sig dönsku landsliðsstúlkuna Mathilde Klint, en hún er ein af þeim sem komu hingað í heimsókn í janúar í fyrra þegar danska landsliðið atti kappi við það íslenska. Stelpurnar byrjuðu á því að slá út breskt félaglið og áttu síðan í höggi við mjög sterkt belgískt lið í

undanúrslitum sem þær unnu sannfærandi sigur á. Í úrslitum töpuðu þær síðan naumlega fyrir bresku liði, Western Karate Union.



Sólveig Sigurðardóttir keppti í -60 kg. flokki juniora, eða 18-20 ára unglunga. Þar mætti hún hinn dönsku Mathilde Klint í fyrstu viðureign sinni og vann hana með yfirburðum. Í undanúrslitum tapaði hún naumlega fyrir breskri stúlku sem síðan vann flokkinn. Sólveig keppti síðan um 3ja sætið og valtaði yfir andstæðing sinn þar með átta stiga mun og tryggði sér bronzverðlaun í sínum flokki.

Andri Sveinsson vann fyrstu viðureignina í sínum flokki, -75 kg. flokki juniora, en tapaði naumlega í annarri umferð, 0-1. Strákarnir tefldu síðan fram liði í liðakeppni 16-20 ára. Þeir stóðu sig ágætlega þar og töpuðu mjög naumlega 2-3 í fyrstu umferð.

Jón Ingi Þorvaldsson, landsliðsmaður til margra ára, var með í för sem þjálfari og fararstjóri.

Góður árangur á Svenska Kata Pokalen

Landslið Íslands í kata tók þátt í sænska mótinu Katapokalen eða Swedish Kata Trophy 19. mars. Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson úr KFR vann til bronsverðlauna í flokki fullorðinna svartbeltara. Einnig unnu Auður Olga Skúladóttir og María Helga Guðmundsdóttir úr Þórshamri til silfurverðlauna í sínum flokkum. Þá vann Guðbjartur Ísak úr Haukum einnig til bronsverðlauna á mótinu. Við óskum þeim öllum til hamingju með frábæran árangur.



Góður árangur á Norðurlandamótinu 2005

Landslið Íslands í karate, skipað keppendum 18 ára og eldri, náði góðum árangri á Norðurlandameistaramótinu sem haldið var í Finnlandi laugardaginn 15. október síðastliðinn.

Þetta var fyrsta Norðurlandamótið sl. 6 ár, eða síðan 1999, og allar Norðurlandþjóðirnar sendu lið á mótið að þessu sinni. Fyrir Íslands hönd tóku 8 keppendur þátt í mótinu. Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson, sem keppti í kata, og Jón Viðar Arnþórsson, Diego Björn Valencia, Ari Sverrisson, Andri Sveinsson, Edda Blöndal, Sólveig Sigurðardóttir og Auður Skúladóttir sem öll kepptu í kumite.

Bestum árangri náði Sólveig Sigurðardóttir en hún vann til bronsverðlauna í -60 kg flokki í kumite, varð í fjórða sæti í opnum flokki og var í kvennaliðinu sem vann einnig til bronsverðlauna. Þá vann Edda L. Blöndal brons í +60 kg flokki og komst í undanúrslit í opna flokknum.



Sólveig, Edda og Auður Skúladóttir voru í bronsliði Íslands í kvennaflokki. Kvennaliðið mætti A-liði Svía í fyrstu umferð og vann sannfærandi. Sólveig vann þungavigtarkonu í fyrsta bardaga 8-1 og Edda sem átti þann næsta sigraði 6-0. Það munaði svo litlu að íslenska liðið náði að komast í úrslit en eftir naumt tap gegn Norðmönnum sem lentu í öðru sæti náðu þær að sigra í viðureigninni um þriðja sætið.

Bestum árangri af körlunum náðu þeir Jón Viðar Arnþórsson, sem lenti í 4. sæti í +80 kg flokki, og Ari Sverrisson, sem lenti í 4. sæti í -75 kg flokki. Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson sigraði í fyrstu viðureign sinni í kata og komst í aðra umferð en beið þar lægri hlut fyrir sterkum andstæðingi. Helgi Jóhannesson var dómari á mótinu fyrir Ísland og stóð sig vel.

Landsliðþjálfari

Samningur KAÍ við Allan Busk frá Danmörku landsliðsþjálfara sem undirritaður var janúar 2003, er útrunninn og hefur stjórnin staðið í samningaviðræðum við Eddu Blöndal um þjálfarastöðuna. Það er eindregin ósk fráfarandi formanns að þessar viðræður verði leiddar til lykta með samningi við Eddu.

Ég held að ég tali fyrir hönd allra þegar ég segi að allir landsliðsmenn séu mjög ánægðir með þjálfun Allans. Hins vegar telur formaður að nú sé sú staða komin upp að landsliðsþjálfari þurfi að vera staðsettur á Íslandi. En það er einnig ósk formanns að samstarf við Allan haldi áfram þar sem hann hefur af svo miklu að miðla, en undir stjórn nýs landsliðsþjálfara.

ALÞJÓÐLEG DÓMARARÉTTINDI

Helgi Jóhannesson, 4. Dan, Breiðablik, tók þátt í dómaranámskeiði Evrópska Karatesambandsins sem haldið var á undan Evrópumeistaramóti seniora í karate á

Tenerife 13.-15. maí. Hann stóðst bæði skriflegt og verklegt próf og fékk "Judge A" viðurkenningu hjá EKF. Hann dæmði síðan á mótinu. Hann er fyrsti Íslendingurinn til að fá alþjóðleg dómara réttindi eftir að nýjar keppnisreglur tóku gildi 2001.



Helgi Jóhannesson að dæma á EM á Tenerife.

SÓLVEIG OG JÓN INGI BIKARMEISTARAR

Karatesamband Íslands hélt lokahóf 30. apríl þar sem bikarmeistarar fengu afhenta hina veglegu verðlaunagripni sem fylgja bikarmeistaratitlinum. Á bikarmótunum er bæði keppt í kata og kumite og verður sá bikarmeistari sem nær flestum stigum samanlagt í báðum greinum á bikarmótum hvers keppnistímabils.



Sólveig Sigurðardóttir vann bikarmeistaratitilinn í kvennaflokki í fjórða sinn með miklum yfirburðum og með fullt hús stiga. Jón Ingi Þorvaldsson varð bikarmeistari karla fjórða árið í röð en hann fékk 18 stig af 20 mögulegum.

Sérstök verðlaun voru veitt efnilegustu nýliðum ársins en að þessu sinni urðu fyrir valinu þau Auður Olga Skúladóttir úr Þórshamri og Gunnar Lúðvík Nelson úr KFR.

KARATEFÓLK ÁRSINS 2005

Sólveig Sigurðardóttir og Jón Ingi Þorvaldsson hafa verið útnefnd karatekona og karatemaður ársins. Þetta er í þriðja sinn sem Sólveig verður fyrir valinu en Jón Ingi hlýtur nú þessa nafnbót fjórða árið í röð og verður þetta í síðasta sinn þar sem hann tilkynnti á árinu að hann hygðist leggja hanskan á hilluna eftir farsælan feril.

Sólveig varð unglingameistari í sínum flokkum í bæði kata og kumite á árinu eins og mörg undanfarin ár og vann sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil í kumite kvenna auk þess sem hún varð bikarmeistari kvenna. Á erlendum vettvangi náði hún einnig góðum árangri en hún vann til bronsverðlauna í -60kg flokki á Norðurlandamótinu sem fram fór í Finnlandi í október, auk þess að vinna til bronsverðlauna í liðakeppni kvenna ásamt þeim Eddu Blöndal og Auði Olgu.



Jón Ingi varð á árinu Íslandsmeistari í -80 kg flokki í kumite og opnum flokki í kumite. Þetta er ellefta árið í röð sem hann vinnur sigur í sínum þyngdarflokki í kumite og í þriðja sinn sem hann vinnur opna flokkinn. Auk þess varði hann bikarmeistaratitil Karatesambands Íslands fjórða árið í röð.

Við óskum Sólveigu og Jonna til hamingju með árangurinn á árinu og vonum að þessi viðurkenning verði ungu og upprennandi keppnisfólki hvatning til afreka á komandi árum.

FORMAÐUR KVEÐUR

Eftir tæp átta ár sem formaður dreg ég mig í hlé (og þó fyrr hefði verið). Ég vil nota tækifærið og þakka öllum samstarfsmönnum mínum í gegnum árin, þar á meðal Reinharði, Dóra, Indriða, Gunna og Jóni Inga kærlega fyrir samvinnuna. Þegar ég lít yfir farinn veg þá er Norðurlandamótið 1999 minnisstæðast, svo og landskeppnirnar við Dani og Norðmenn sem haldnar voru í Borgarleikhúsinu. Sem doktor í byggingarverkfræði þá furða ég mig því að þakið skyldi halda á Borgarleikhúsinu, svo mikil var stemningin.



Ólafur Haraldsson Wallevik
Formaður KAÍ

NEFNDIR

Aganefnd:

Ásmundur Ísak Jónsson - formaður
Gretar Örn Halldórsson
Gunnlaugur Sigurðsson
Magnús Kr. Eyjólfsson
Vincente Carrasco

Varamenn:

Ólafur Helgi Hreinsson
Helgi Jóhannesson
Halldór Svavarsson

Dómaranefnd:

Gunnlaugur Sigurðsson - formaður
Reinharð Reinharðsson
Ólafur Helgi Hreinsson
Helgi Jóhannesson - varamaður

Landsliðsnefnd:

Halldór Svavarsson - formaður
Jón Ingi Þorvaldsson
Sólveig Sigurðardóttir

Mótanefnd:

Indriði Jónsson - formaður
Pétur Freyr Ragnarsson
Bergsteinn Ísleifsson
Ágústa Andrésdóttir
Kristján Gaukur Kristjánsson

MÓT ÁRIÐ 2005

Karatesambandið stóð fyrir 9 mótum á árinu og í viðbót koma mót sem haldin eru af aðildarfélögum. Allt í allt má áætla að fjöldi Karatemóta árið 2005 sé um fimmtán.

Meistaramót barna í Kata 2005

Meistaramót barna í Kata 2004 fór fram 23. janúar í Íþróttahúsinu Austurbergi og hófst kl. 9.30. Fjöldi keppenda var um 220 og er þetta lang fjölmennasta karatemót ársins. Níu karatefélög og karatedeildir sendu keppendur á mótið. Aldur keppenda á Meistaramóti barna er 5-12 ára (f. 1992-1999). Sjá mátti margar góðar Kata og lögðu börnin sig öll fram í keppninni.

Sérstakar þakkir fá keppendur, dómarar, starfsmenn, liðsstjórar og foreldrar sem lögðust á eitt um að gera þetta að skemmtilegu móti og Karateíþróttinni til framdráttar. Mótsstjórar voru Reinharð Reinharðsson, KFR og Indriði Jónsson, Breiðabliki og yfirdómarar Helgi Jóhannesson og Gunnlaugur Sigurðsson.

Karatedeild Víkings stóð uppi sem Barnameistari félaga í Kata árið 2005 með 15 stig. Gefin eru stig fyrir 1 - 3 sæti, 3, 2, og 1 stig en tvöfalt fyrir hópkata. Nöfn allra sem unnu til verðlauna má lesa hér fyrir neðan auk skiptingar verðlauna og heildarstiga félaga.

Úrslit urðu:

Kata barna fædd 1997 til 1999.

- | | |
|-----------------------------|------------|
| 1. Breki Guðmundsson | Þórshamar |
| 2. Hera Björg Jörgensdóttir | Breiðablik |
| 3. Þórður Friðriksson | Breiðablik |

Kata barna fædd 1996.

- | | |
|--------------------------------|------------|
| 1. Katrín Hrefna Karlsdóttir | Víkingur |
| 2. Gunnlaugur Helgi Stefánsson | Breiðablik |
| 3. Askur Tómas Óðinsson | Víkingur |

Kata barna fædd 1995.

- | | |
|-----------------------------|-------------------------|
| 1. Jovan Kujundzik | Karatefélag Reykjavíkur |
| 2. Vésteinn Þrymur Ólafsson | Karatefélag Reykjavíkur |
| 3. Hans Patrekur Hansson | Breiðablik |

Kata barna fædd 1994.

- | | |
|--------------------------|-----------|
| 1. Breki Bjarnason | Þórshamar |
| 2. Guðni Hrafn Pétursson | Fylkir |
| 3. Antony Trung Duc Vu | Víkingur |

Kata barna fædd 1993.

- | | |
|-----------------------------|-------------------------|
| 1. Kristófer Ísak Karlsson | Karatefélag Reykjavíkur |
| 2. Gunnhildur Grétarsdóttir | Fylkir |
| 3. Kristján Harðarsson | Karatefélag Reykjavíkur |

Kata barna fædd 1992.

- | | |
|---------------------------------|-------------------------|
| 1. Dagný Egilsdóttir | Akranes |
| 2. Snæbjörn Ólafsson | Karatefélag Reykjavíkur |
| 3. Aðalheiður Rósa Harðardóttir | Akranes |

Hópkata barna fædd 1996 og síðar.

1. Katrín Hrefna, Harald Sigurvin og Nína
2. Askur Tómas, Sindri og Liam
3. Magnús Valur, Tryggvi Þór og Kristján Örn

Víkingur
Víkingur
Fjölnir

Hópkata barna fædd 1994 og 1995.

1. Breki, Mikael Luis og Aron Þór
2. Elías Guðni, Hrafn Hlíðdal og Guðni Hrafn
3. Davíð Freyr, Hans Patrekur og Gunnlaugur Helgi

Þórshamar
Fylkir
Breiðablik

Hópkata barna fædd 1992 og 1993.

1. Ása Katrín, Dagný Björk og Aðalheiður Rósa
2. Gunnhildur, Jóhanna og Eggert Ólafur
3. Arianit, Kristján og Kristófer Ísak

Akranes
Fylkir
Karatefélag Reykjavíkur

Verðlaun félaga:

	Gull	Silfur	Brons	Stig
Víkingur	2	1	2	15
Karatefélag Reykjavíkur	2	2	2	13
Þórshamar	3	0	0	12
Fylkir	0	4	0	12
Akranes	2	0	0	10
Breiðablik	0	2	3	8
Fjölnir	0	0	1	2
Afturelding	0	0	0	0
Haukar	0	0	0	0

Unglingameistaramót í Kata 2005

Unglingameistaramót í Kata 2005 fór fram laugardaginn 12. febrúar í íþróttahúsinu við Vesturgötu, Akranesi. Mótið hófst kl. 12.00 og lauk kl. 16.00. Um 80 keppendur tóku þátt í mótinu sem er svipað og í fyrra. Keppt var í 6 flokkum í kata og 3 flokkum í hópkata.

Yfirdómari á mótinu var Gunnlaugur Sigurðsson og yfirvallardómarar Ólafur Hreinsson. Auk þeirra voru 8 meðdómarar. Mótsstjóri var Indriði Jónsson.

Karatefélagið Þórshamar stóð uppi með flest stig í lok mótsins og eru Unglingameistarar félaga í Kata 2005 en gefin eru stig fyrir 1 - 3 sæti, 3, 2, og 1 stig en tvöföld stig eru síðan veitt fyrir hópkata. Nöfn allra sem unnu til verðlauna má lesa hér fyrir neðan auk skiptingar verðlauna og heildarstiga félaga.

Úrslit urðu:

1. Táningar fæddir 1991.

1. Goði Ómarsson
2. Birkir Ólafsson
3. Aldís Tómasdóttir

Karatefélag Reykjavíkur
Völsungur
Karatefélag Reykjavíkur

2. Táningar fæddir 1990.

1. Jón Yngvi Seljeseth
2. Ása Katrín Bjarnadóttir
3. Steinar Logi Helgason

Þórshamar
Akranes
Þórshamar

3. Piltar fæddir 1988 og 1989.

1. Andri Bjartur Jakobsson
2. Reynir Hólm Harðarson
3. Guðbjartur Ísak Ásgeirsson

Karatefélag Reykjavíkur
Víkingur
Haukar

4. Stúlkur fæddar 1988 og 1989.

1. María Helga Guðmundsdóttir
2. Ingibjörg Helga Arnþórsdóttir
3. Guðrún Birna Ásgeirsdóttir

Þórshamar
Þórshamar
Akranes

5. Piltar fæddir 1984 - 1987.

1. Margeir Stefánsson
2. Tómas Lee Róbertsson
3. Hákon Fannar Hákonarson

Þórshamar
Þórshamar
Haukar

6. Stúlkur fæddar 1984 - 1987.

1. Auður Olga Skúladóttir
2. Fríða Bogadóttir
- 3.

Þórshamar
Þórshamar

7. Hópkata táningar fæddir 1990 - 1991.

1. Daníels Smári Gunnarsson, Bjarki Morhmann og Jón Yngvi Seljeseth
2. Sindri Snær Jónsson, Sigurður Hafsteinn Jónsson og Goði Ómarsson
3. Ingibjörg Helga Arnþórsdóttir, Áslákur Ingvarsson og Arnljótur Björnsson

Þórshamar
Karatefélag
Reykjavíkur
Þórshamar

8. Hóptata unglunga fæddir 1987 - 1989.

1. Jón Ingi Bergsteinsson, Tómas Lee Róbertsson og Margeir Stefánsson
2. Kristján Ó. Davíðsson, Guðbjartur Ísak Ásgeirsson og Hákon Fannar Hákonarson
3. Andri Bjartur Jakobsson, Daniel Cochran Jónsson og Brynjar Aðalsteinsson

Þórshamar
Haukar
Karatefélag
Reykjavíkur

9. Hópkata juniora fæddir 1984 - 1986.

1. Fríða Bogadóttir, Auður Olga Skúladóttir og María Helga Guðmundsdóttir
2. Emilija Maciunaite, Tu Ngoc Vu og Toan Ngoc Vu

Þórshamar
Víkingur

Verðlaun félaga:

	Gull	Silfur	Brons	Stig
Þórshamar	7	3	2	39
Karatefélag Reykjavíkur	2	1	2	13
Víkingur		2	0	6
Haukar		1	2	6
Akranes		1	1	3
Völsungur		1	0	2

Íslandsmeistaramót í Kata 2005

Íslandsmeistaramótið í kata fór fram í Smáranum, Kópavogi laugardaginn 2. apríl 2005. Þátttaka var meiri en á s.l. ári en tæplega 50 einstaklingar tóku þátt í mótinu. Í einstaklingsflokkum kepptu 21 karl og 14 konur. Fimm kvennalið og fjögur karlalið kepptu í hópkata. Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson, KFR, og Sólveig Sigurðardóttir, Þórshamri, vorðu Íslandsmeistararitla sína frá síðasta ári. Í hópkata karla sigraði lið Breiðabliks sigurlið Þórshamars frá í fyrra en í hópkata kvenna varði lið Þórshamars titilinn frá í fyrra. Í sigurliði Breiðabliks var Helgi Jóhannesson en hann keppti með Þórshamarsliðinu í fyrra. Þórshamar varði einnig titilinn Meistari Félaga með flest stig á mótinu.

Aðaldómari var Ólafur Wallevik og honum til aðstoðar voru Halldór Svavarsson, Ólafur Helgi Hreinsson, Matthías B. Matthíasson, Árni Þór Jónsson, Eydís Líndal, Karl Sigurjónsson og Reinharð Reinharðsson.

Úrslit urðu eftirfarandi:

Konur:

1. Sólveig Sigurðardóttir, Þórshamri
2. Auður Olga Skúladóttir, Þórshamri
3. María Helga Guðmundsdóttir, Þórshamri

Karlar:

1. Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson, KFR
2. Daníel Pétur Axelsson, Þórshamri
3. Helgi Jóhannesson, Breiðablik

Hópkata kvenna:

1. Þórshamar B (*Auður Olga Skúladóttir, María Helga Guðmundsdóttir og Sólveig Sigurðardóttir*)
2. Þórshamar A (*Sólveig Krista Einarsdóttir, Hulda Axelsdóttir og Ragna Kjartansdóttir*)
3. Karatefélag Akraness (*Ása Katrín Bjarnadóttir, Aðalheiður Rósa Harðardóttir og Dagný Björk Egilsdóttir*)

Hópkata karla:

1. Breiðablik (*Helgi Jóhannesson, Magnús Kr. Eyjólfsson og Einar Hagen*)
2. Þórshamar A (*Daníel Pétur Axelsson, Jón Viðar Arnþórsson og Jón Ingi Þorvaldsson*)
3. Þórshamar B (*Tómas Lee Róbertsson, Margeir Stefánsson og Jón Ingi Bergsteinsson*)

Verðlaun félaga:

	Gull	Silfur	Brons	Stig
Karatefélagið Þórshamar	2	4	2	24
Karatedeild Breiðabliks	1		1	7
Karatefélag Reykjavíkur	1			3
Karatefélag Akraness			1	2

Unglingameistaramót í Kumite 2005

Sunnudaginn 30. október var Unglingameistaramót í Kumite 2005 haldið í Víkinni, og hófst kl. 10.30.

Þátttaka í mótinu var góð eða um 80 keppendur. Karatefélagið Þórshamar varði titil sinn og eru því Unglingameistarar í kumite árið 2005.

Á móttinu mátti sjá að fjölmargir unglingar eiga framtíðina fyrir sér í kumite. Nú kepptu í fyrsta sinn 12 ára krakkar en á s.l. þingi var lágmarksaldur lækkaður um eitt aldursár. Keppendur voru því frá 12-20 ára.

ÚRSLIT

Drengir f. 1993

- | | | |
|----|-------------------------|-------------|
| 1. | Kristján Helgi Carrasco | Afturelding |
| 2. | Egill Birnir Björnsson | Fylkir |
| 3. | Tómas Tryggvason | Breiðablik |
| 4. | Jakob Gunnarsson | Þórshamar |

Drengir f. 1992

- | | | |
|----|-------------------------|------------|
| 1. | Steinar Valur Bjarnason | Fylkir |
| 2. | Arnar Freyr Nikulásson | Breiðablik |
| 3. | Hákon Logi Herleifsson | Fylkir |
| 4. | Aron Þór Ragnarsson | Þórshamar |

Piltar f. 1991

- | | | |
|----|-----------------------|-----------|
| 1. | Arnór Ingi Sigurðsson | Haukar |
| 2. | Birkir Ólafsson | Völsungur |
| 3. | Davíð Örn Halldórsson | Þórshamar |
| 4. | Goði Ómarsson | KFR |

Piltar f. 1990

- | | | |
|----|-----------------------------|-----------|
| 1. | Áslákur Ingvarsson | Þórshamar |
| 2. | Jón Ingi Seljeseth | Þórshamar |
| 3. | Steinar Logi Helgason | Þórshamar |
| 4. | Arnljótur Björn Halldórsson | Þórshamar |

Eldri piltar (kadett) f. 1988-1989

- | | | |
|----|----------------------------|-----------|
| 1. | Gunnar Lúðvík Nelson | Þórshamar |
| 2. | Guðbjartur Ísak Ásgeirsson | Haukar |
| 3. | Andri Valur Guðjónsen | Víkingur |
| 4. | Andri Bjartur Jakobsson | KFR |

Eldri piltar (juniorar) f. 1985-1987

- | | | |
|----|-----------------------|-----------|
| 1. | Diego Björn Valencia | Víkingur |
| 2. | Kostas Petrikas | Víkingur |
| 3. | Tómas Lee Róbertsson | Þórshamar |
| 4. | Brynjar Aðalsteinsson | KFR |

Telpur f. 1992-1993

- | | | |
|----|----------------------------------|--------|
| 1. | Jóhanna Brynjarsdóttir | Fylkir |
| 2. | Gunnhildur Hjördís Grétarsdóttir | Fylkir |
| 3. | Dagný Björk Egilsdóttir | KAK |
| 4. | Aðalheiður Rósa Harðardóttir | KAK |

Stúlkur f. 1990-1991

- | | | |
|----|-------------------------|-----------|
| 1. | Hekla Helgadóttir | Þórshamar |
| 2. | Bergþóra Sveinsdóttir | KAK |
| 3. | Ása Katrín Bjarnadóttir | KAK |
| 4. | Heiður Anna Helgadóttir | Þórshamar |

Stúlkur (kadett) f. 1988-1989

- | | | |
|----|-------------------------------|------------|
| 1. | Ingibjörg Helga Arnþórsdóttir | Þórshamar |
| 2. | Helena Montazeri | Víkingur |
| 3. | Guðrún Birna Ásgeirsdóttir | KAK |
| 4. | Guðrún Óskarsdóttir | Breiðablik |

Konur (junior) f. 1985-1987

- | | |
|---------------------------|-----------|
| 1. Sólveig Sigurðardóttir | Þórshamar |
| 2. Auður Olga Skúladóttir | Þórshamar |

Heildarstig félaga

Afturelding

Breiðablik

Fjölur

Haukar

KAK

KFR

Víkingur

Völsungur

Þórshamar

Fylkir

5
6
0
8
10
3
13
3
41
18

Íslandsmeistarmót í Kumite 2005

Íslandsmeistaramótið í kumite 2005 var haldið í Fylkishöllinni 5. nóvember. Víkingar urðu Íslandsmeistarar í kumite ásamt því að verða Íslandsmeistarar í liðakeppni og Víkingarnir Diego Björn Valencia (+80 kg) og Alvin Zogu (-70 kg) sigruðu sína flokka. Jón Ingi Þorvaldsson varð tvöfaldur Íslandsmeistari, annars vegar í opnum flokki og hins vegar - 80kg. Það voru skemmtilegar viðureignir á mótinu og mikil spennu í loftinu. Fjöldi áhorfenda sótti mótið heim.

Heildarúrslit má sjá hér að neðan.

Karlar -70 kg

1. *Alvin Andri Andrésson Zogu, Víkingur*
2. Sigurður Þór Steingrímsson, Fjölur

Karlar -75 kg

1. *Pálmar Guðnason, Breiðablik*
2. Kostas Petrikas, Víkingur
3. Ómar Ari Ómarsson, Fylkir

Karlar - 80 kg

1. *Jón Ingi Þorvaldsson, Þórshamar*
2. Andri Sveinsson, Fylkir
3. Theódór Löve, Breiðablik
3. Ari Freyr Sveinbjörnsson, KFR

Karlar +80 kg

1. *Diego Björn Valencia, Víkingur*
2. Pétur Freyr Ragnarsson, Fylkir
3. Arnar Hjartarson, KAK

Karlar Opinn flokkur

1. *Jón Ingi Þorvaldsson, Þórshamri*
2. Andri Sveinsson, Fylkir
3. Diego Björn Valencia, Víkingur
3. Kostas Petrikas, Víkingur

Liðakeppni karla

1. *Víkingur - Alvin, Kostas og Diego Björn*
2. Fylkir - Pétur, Andri og Ómar

Konur Opinn flokkur

1. Sólveig Sigurðardóttir, Þórshamar
2. Auður Olga Skúladóttir, Þórshamar

Heildarstig féлага

1. Víkingur 27
2. Þórshamar 18
3. Fylkir 17
4. Breiðablik 7
5. Fjölnir 3
- 6.-7. KFR 2
- 6.-7. KAK 2

Bikarkeppnin 2004-2005

Lokastaðan eftir tvö mót:

Kvennaflokkur;

- | | |
|---|---------|
| 1. sæti Sólveig Sigurðardóttir Þórshamar | 20 stig |
| 2. sæti Ingibjörg Arnþórsdóttir Þórshamar | 10 stig |
| 3. sæti Guðrún Birna Ásgeirsdóttir Akranes | 7 stig |
| 4. sæti Auður Olga Skúladóttir Þórshamar | 5 stig |
| 5-6. sæti Eyrún Jóna Reynisdóttir Akranes | 4 stig |
| 5-6. sæti Björg Jónsdóttir Breiðablik | 4 stig |
| 7-8. sæti Helena Motazeri Víkingur | 3 stig |
| 7-8. sæti Elín Elísabet Torfadóttir Þórshamar | 3 stig |
| 9. sæti Ása Katrín Árnadóttir Akranes | 2 stig |

Karlaflokkur;

- | | |
|---|---------|
| 1. sæti Jón Ingi Þorvaldsson Þórshamar | 18 stig |
| 2. sæti Daníel P. Axelsson Þórshamar | 8 stig |
| 3-4. sæti Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson | 6 stig |
| 3-4. sæti Diego Björn Valencia Víkingur | 6 stig |
| 5-6. sæti Alvin Zogu Víkingur | 5 stig |
| 5-6. sæti Jón Viðar Arnþórsson Þórshamar | 5 stig |
| 7. sæti Gunnar Nelson KFR | 4 stig |
| 8. sæti Kostas Perikas Afturelding | 3 stig |
| 9-11. sæti Magnús Kr. Eyjólfsson Breiðablik | 2 stig |
| 9-11. sæti Ólafur Hrafn Nielsen Þórshamar | 2 stig |
| 9-11. sæti Valtýr Árnason Þórshamar | 2 stig |
| 12-16. sæti Pétur Orri Ragnarsson KFR | 1 stig |
| 12-16. sæti Brynjar Aðalsteinsson KFR | 1 stig |
| 12-16. sæti Atli Steinn Guðmundsson Þórshamar | 1. stig |
| 12-16. sæti Tómas Árnason Akranes | 1 stig |
| 12-16. sæti Pálmar Ingi Guðnason Breiðablik | 1 stig |

LÖG KARATESAMBANDS ÍSLANDS

1. gr. Karatesamband Íslands (KAÍ) er æðsti aðili um öll karatemál innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ).

2. gr. Karatesamband Íslands er samband héraðssambanda, sem hafa iðkun karate innan sinna vébanda.

3. gr. Starf KAÍ er í meginatriðum:

- Að hafa yfirumsjón allra íslenskra karatemála.
- Að vinna að eflingu karateíþróttarinnar í landinu og koma fram erlendis fyrir hönd hennar.

4. gr. Málefnum KAÍ stjórna:

- Karateþing.
- Stjórn KAÍ.

5. gr. Karateþing fer með æðsta vald í málefnum KAÍ. Þingið sitja fulltúar frá þeim aðilum, sem mynda KAÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra iðkenda karate í aðildarfélögum, þannig að fyrir allt að 25 menn koma 2 fulltúar og síðan tveir í viðbót fyrir næstu 25 eða brot úr 25 upp í allt að 75 iðkendum og þá 1 fulltúi fyrir næstu 25 eða brot úr 25 upp í 100 iðkendum, en síðan 1 fulltrúi fyrir næstu 50 eða brot úr 50 upp í 200, en síðan 1 fyrir hverja hundrað eða brot úr hundrað upp í 500, en loks 1 fulltrúi fyrir hverja 200 eða brot úr 200 eftir það. Félög, sem ekki hafa skráða iðkendum fá 2 fulltrúa á ársþingi ef vottorð frá viðkomandi héraðssambandi staðfestir að karate sé sannanlega iðkað í félaginu, eða deild ef sams konar vottorð kemur frá félagsstjórninni.

Þingið skal árlega haldið í janúar eða febrúar. Skal boða það bréflaga með minnst 2ja mánaða fyrirvara. Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu skal tilkynna stjórn KAÍ minnst 21 degi fyrir þingið.

Þá skal stjórn KAÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 14 dögum fyrir þingið, sem síðara fundarboð. Karateþing er lögmeitt ef löglega er til þess boðað.

6. gr. Á karateþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

Stjórn KAÍ, varastjórn og endurskoðendur.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ.

Fastráðnir starfsmenn KAÍ og ÍSÍ.

Fulltrúar karatedómarafélaga.

Allir nefndarmenn KAÍ.

Auk þess getur stjórn KAÍ boðið öðrum aðilum þingsetu, ef hún telur ástæðu til.

Aðeins sá sem er í félagi sem hefur karateiðkun á stefnuskrá sinni innan héraðssambands er kjörgengur fulltrúi þess á karateþingi. Hver fulltrúi hefur aðeins 1 atkvæði.

Þegar langt eða dýrt er að sækja þingið, eða annar fulltrúi veikist eða forfallast á síðustu stundu frá því að sækja þingið, þá má heimila að fulltrúi fari með fleiri en 1 atkvæði, en aðeins með atkvæði þess aðila, sérráðs eða héraðssambands sem hann er fulltúi fyrir. Þó gildir þessi undanþága ekki um fulltrúa þeirra aðila sem eiga heima þar sem þingið er háð. Umboð, sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en eitt atkvæði, verður að vera skriflegt og vera frá stjórn hlutadeigandi sambandsaðila. Enginn þingfulltúi getur farið með fleiri en 2 atkvæði.

7. gr. Aukaþing má halda ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Boðunarfrestur til aukaþings skal vera 2 vikur. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða fluttur úr héraðinu eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn ef meirihluti kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða er hætt störfum af öðrum sökum. Að öðru leiti gilda sömu reglur og um reglulegt karateþing.

8. gr. Störf karateþings eru:

1. Þingsetning.
2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.
3. Kosnar fastar nefndir:
 - Kjörbréfanefnd.
 - Fjárlaganefnd.
 - Laga- og leikreglnanefnd.
 - Allsherjarnefnd.
 - Kjörnefnd.

Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
6. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.
8. Lagðar fram aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar.
9. Málum og tillögum vísað til nefnda til umfjöllunar.

- Þ I N G H L É -

10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
11. Önnur mál.
12. Kosning stjórnar, varastjórnar og endurskoðenda.
13. Kjörnir 5 menn í aganefnd og 3 til vara.
14. Val fulltrúa á Íþróttþing.
15. Þingslit.

Fái fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa. Þingið getur með 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál sem komið hafa fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum (skv. 5. gr. 3. mgr.).

Ársskýrslu KAÍ, sem stjórnin skal leggja fjölrítaða fyrir þingið, svo og ágríp af þinggerð þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum KAÍ innan tveggja mánaða frá þingslitum.

9. gr. Stjórn KAÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins á milli þinga. Stjórn KAÍ skipa 5 menn: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Skal kjósa bundinni leynilegri kosningu, formann fyrst, síðan meðstjórnendur, sem skipta með sér störfum. Kjósa skal 3 menn í varastjórn og taka þeir sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast og koma inn í sömu röð og þeir voru kosnir.

Stjórn KAÍ skal strax að loknu ársþingi skipa eftirtaldar nefndir:

Mótanefnd KAÍ og landsliðsnefnd KAÍ.

Hvor nefnd skal skipuð minnst þremur mönnum. Stjórn KAÍ skal boða formenn nefnda á stjórnarfund þegar þurfa þykir eða formenn nefnda óska þess. Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk. Aðsetur stjórnar er í Reykjavík. Reikningsár KAÍ miðast við almanaksárið.

10. gr. Starfssvið stjórnar KAÍ er:

- a) Að framkvæma ályktanir karateþings.
- b) Að vinna að eflingu karate í landinu.
- c) Að semja leikreglur og reglugerðir fyrir karate.
- d) Að senda sambandsstjórn og framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
- e) Að líta eftir því að lög og leikreglur KAÍ séu haldnar.
- f) Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
- g) Að raða niður og ákveða stað og tíma landsmóta. Það skal KAÍ að jafnaði gera fyrir hver áramót og þá í samráði við stórnir sérráða (héraðsstjórna) og framkvæmdastjórn ÍSÍ.
- h) Að úthluta þeim styrkjum til karate sem KAÍ fær til umráða.
- i) Að koma fram erlendis fyrir hönd karateíþróttarinnar í landinu.

j) Að tilkynna með hæfilegum fyrirvara framkvæmdastjórn ÍSÍ áætlanir sínar og ákvarðanir um samskipti við útlönd.

11. gr. Formaður KAÍ boðar stjórnarfundum og stjórnar þeim.

12. gr. Héraðssamböndin eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar KAÍ. Þau skulu og senda henni skýrslur um mót sem haldin eru innan umdæmisins. Þessar skýrslur skulu sendar innan mánuðar eftir að mótinu lýkur. Ársskýrslur sínar um störf héraðssambands og tölu virkra karatemanna í umdæminu skulu þau senda stjórn KAÍ fyrir 1. júní ár hvert. Á þeim byggist fulltrúaréttur og fulltrúafjöldi þeirra á karateþingi. (sbr. 5. gr.).

13. gr. Dómsmál vegna málaferla KAÍ skulu rekin fyrir dómstólum ÍSÍ.

14. gr. Kærur skulu vera skriflegar og skal kærán eða tilkynning um hana hafa borist dómstól innan tveggja sólarhringa frá því að hið kærða atvik átti sér stað. Sé kærán póstlögð skal það tilkynnt sérstaklega með staðfestu símskeyti. Dómfesta skal mál innan 7 daga frá því að kæra berst dómstól. Þá skal liggja fyrir rökstuðningur kæru, að öðrum kosti telst kærán ógild. Vísi dómstóll kæru frá vegna formgalla skal kærandi eiga þess kost að kæra að nýju innan tveggja sólarhringa frá því að honum er birtur úrskurðurinn. Úrskurðir og dómar dómstóls KAÍ skulu birtir í staðfestu símskeyti eða ábyrgðarbréfi.

15. gr. KAÍ skal, í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd, vinna að stofnun nýrra sérráða.

16. gr. Stjórn KAÍ hefur frjálstan aðgang að öllum karatemótum og sýningum sem fram fara innan vébanda KAÍ. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, dómarafélaga og héraðssamband sem eru aðilar að sambandinu.

17. gr. Tillögur um að leggja KAÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu karateþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu, þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þinggerðinni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulega þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja KAÍ niður. Skal þá afhenda ÍSÍ eignir KAÍ til varðveislu.

18. gr. Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur samþykkt þau.

Lög þessi öðluðust gildi 4. maí 1985 er þau voru samþykkt á Sambandsstjórnarfundum ÍSÍ. Síðast breytt á 14. Karateþingi, 22. mars 2001.

REKSTRAR- OG EFNAHAGSREIKNINGUR

Endurskoðaðir reikningar verða lagðir fram á þingi og því er reikningarnir lagðir fram hér með fyrirvara.

Rekstrarreikningur KAÍ 1/1-31/12 2005				
Tekjur	Skýring	1/1-31/12/05	1/1-31/12/04	
11000	Framlög og styrkir	2.340.226	2.362.471	
	Árgjöld aðildarféлага	245.800	257.600	
15000	Tekjur af mótum	303.850	350.100	1
	Tekjur v. Landskeppni	268.400		
17000	Auglýsingatekjur	0		
22000	Aðrar tekjur	45.006	187.038	
Tekjur alls		3.203.282	3.157.209	
Gjöld				
40000	Landslið	2.097.643	1.656.083	2
	Kostnaður v. Landskeppn	697.583		4
45000	Kostnaður við mótahald	573.996	541.229	3
53000	Rekstur skrifstofu	108.235	123.596	4
56000	Námskeið	217.924	266.639	4
65000	Önnur gjöld	289.613	948.600	4
Rekstrargjöld alls		3.984.994	3.536.147	
Hagnaður/Tap f. afskriftir		-781.712	- 378.938	
Afskriftir alls		0	-	
Hagnaður/Tap		-781.712	- 378.938	

Reikning þennan hef ég samið eftir hjálögðum gögnum ársins 2005

Reykjavík, febrúar 2006

Ásdís Elvarsdóttir, gjaldkeri KAÍ

Skýringar við rekstrarreikning				
1	Tekjur af mótum	3	Kostnaður við mót	nettó
	ÍM-Kumite	13.300	118.738	- 105.438
	ÍM-KATA	32.200	88.674	- 56.474
	Bikarmótaröð	0	51.700	- 51.700
	UM-Kumite	56.000	87.700	- 31.700
	UM-KATA	85.250	156.530	- 71.280
	MB-KATA	154.700	34.387	- 120.313
	Annar kostn. v/móta	-37.600	36.267	- 73.867
		303.850	573.996	- 270.146
2	Landslið			
	Árgjöld	-		
	Landslið	953.064		
	Unglingalandslið	631.613		
	Landsliðsþjálfari	512.966		
		2.097.643		
4	Rekstur skrifstofu			
	Kynningarmál	99.062		
	Landskeppni	697.583		
	Húsaleiga	106.068		
	Kaffitería	43.950		
	Uppskeruhátíð	32.532		
	Önnur gjöld	334.160		
		1.313.355		

Efnahagsreikningur 31/12/2005

EIGNIR	31.12.2005
85000 Veltufjármunir	0
85100 Skrifstofubúnaður	0
<i>Skammtímakröfur</i>	
Inneign hjá félögum v/2005	181.200
88300 Inneign hjá ÍSÍ v/Lottó	94.682
88301 Inneign hjá ÍSÍ v/útbr. 2005	337.992
Inneign hjá ÍSÍ v/Sensei Linda	75.000
Inneign hjá ÍSÍ v/ þjálfarastyrks	200.000
<i>Skammtímakröfur alls</i>	888.874
88000 <i>Handbært fé</i>	
88200 Tékkareikningur 0313-26-5103	3.046
Tékkareikningur 0515-26-5103	184.621
Verðbréfareikningur 0313-800464	1.890
Sparireikningur 515-14-104863	360.860
<i>Handbært fé alls</i>	550.417
89999 Eignir alls	1.439.291
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	
91000 Eigið fé 31/12/04	2.221.003
Hagnaður/tap	-781.712
Eigið fé 31/12/05	1.439.291
92003 Skammtímaskuldir	0
99999 Skuldir og eigið fé alls	1.439.291

Við kjörmir skoðunarmenn höfum yfirfarið ársreikning Karatesambands Íslands (KAÍ) og ekkert fundið athugasvert og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík febrúar 2006

Helgi Jóhannesson

Jón Ingi Þorvaldsson